

Alþingi  
Erindi nr. D 139/3030  
komudagur 19.8.2011

**Berist:**  
**Nefndarsviði Alþingis**  
**Félags- og tryggingamálanefnd**  
**Kristjónu Benediktsdóttur, skjalaverði nefndarsviðs Alþingis**

**Erindi: Umsögn Fjölmeningarseturs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. Demsember 1952, með síðari breytingum.**

755. mál

**Ísafirði 19. ágúst 2011.**

Fjölmeningarsetrið fagnar endurskoðun laga um íslenskan ríkisborgararétt og að ekki sé lengur neinn biðtími vegna lágra sekta vegna brota á umferðarlögum.

Hinsvegar telur starfsfólk Fjölmeningarseturs það miður að ekki sé endurskoðað ákvæðið um próf í íslensku.

Í dag er komin reynsla á prófin og meirihluti þeirra sem gangast undir prófið standast það. En ekki allir og það eru í flestum tilvikum einstaklingar sem ekki hafa germönsk mál að móðurmáli, og þá sérstaklega einstaklingar sem koma frá suðaustur Asíu sem oftast falla á prófinu. Jafnframt er ljóst að það eru einkum einstaklingar sem hafa litla og jafnvel enga formlega menntun og eru jafnvel ólæsir á móðurmáli sínu sem eiga erfitt með að standast prófið. Ekki hafa verið aðgengilegar upplýsingar eftir kyni.

Þar sem ekki öllum innflytjendum stendur til boða námskeið í íslensku sem fellur að þeirra kunnáttustigi valda prófin margfaldri mismun. Móðurmál og uppruni, menntun, búseta og jafnvel kyn getur haft áhrif á hverjir standast prófið og öðlast íslenskan ríkisborgararétt.

Því er mikilvægt að stjórnvöld endurskoði kröfurnar. Að öllum verði eins og kostur er gert mögulegt að ná þeirri færni sem til er ætlast. Það verður eingöngu gert með því að bjóða fólki reglulega uppá á námskeið sem mætir getu þeirra í að læra nýtt tungumál. Það þarf að endurskoða kröfur til þeirra sem koma hingað sem fullorðnir einstaklingar og hafa aldrei fengið neina formlega menntun í sínu heimalandi. Það er hægt með því móti að þeir eigi þess kost að sýna færni sína í tungumálinum eingöngu munnlega.

Varðandi 3gr.

Ekki kemur fram í frumvarpinu hver er staða ungmenna sem verða átján ára áður en foreldri getur sótt um ríkisborgararétt.

Virðingarfyllst;

Fyrir hönd Fjölmeningarsetus,

Elsa Arnardóttir